

Alþingi
Erindi nr. P 139/1549
komudagur 28.2.2011

Álit

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um beiðni utanríkismálanefndar, dags. 17. nóvember 2010, um álit allsherjarnefndar á tillögu til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn (þskj. 145- 132. mál).

Samkvæmt 21. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhögum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings eða breyting á honum kallar á lagabreytingar hér á landi.

Með þingsályktunartillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á framangreindri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2009, frá 5. febrúar 2009, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur. Meginmarkmið tillögunnar er frekari sameining markaða og aukin neytendavernd á sviði neytendalána og er nauðsynlegt að leggja til breytingar á lögum um neytendalán. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var því tekin með stjórnskipulegum fyrirvara.

Nefndin telur eðlilegt að á þessu stigi fari umfjöllun um afléttingu þess stjórnskipulega fyrirvara sem tillagan felur í sér eingöngu fram í utanríkismálanefnd þar sem efnisleg meðferð á tillögum um lagabreytingar kemur til meðferðar hjá viðkomandi fastanefnd þingsins.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við að tillagan verði samþykkt.

Róbert Marshall, Valgerður Bjarnadóttir, Vigdís Hauksdóttir og Þráinn Bertelsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Þór Saari, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er sammála álitum þessu.

Alþingi, 28. feb. 2011.

Atli Gíslason,
Mörður Árnason,
Birgir Ármannsson,
Álfheiður Ingadóttir,
Sigurður Kári Kristjánsson.